

Fundargerð 20. fundar

siðanefndar sambandsins

Árið 2019, miðvikudaginn 10. apríl kl. 09:00 kom siðanefnd sambandsins saman til fundar í Virkisbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Sigurður Kristinsson, Erling Ásgeirsson og Anna G. Björnsdóttir.

Að auki sat fundinn: Helga Guðrún Jónasdóttir sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins voru Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs, Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði og Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri á rekstrar- og útgáfusviði Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Uppfærðar leiðbeiningar um siðareglur fundur - 1806010SA

Vinnu framhaldið frá síðasta fundi að leiðbeiningum um hegðunarreglur fyrir kjörna fulltrúa í kjölfar #MeToo vakningar. Farið var yfir fyrirbyggjandi drög með sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs, sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs og Tryggva Þórhallssyni lögfræðingi.

Ábendingar og athugasemdir nefndarmanna og álitsgjafa voru ræddar. Ekki náðist að ræða málið til fulls og var frekari umræðu og afgreiðslu þess frestað til næsta fundar nefndarinnar. Þá mun stjórn sambandsins einnig hafa rætt drögin sem fylgiskjal með fundargerð um 19. fund siðanefndar á 870. fundi sínum þann 11. apríl 2019.

2. Önnur mál til 2020 - 1806011SA

Önnur mál voru ekki rædd.

Fundi var slitið kl. 10:00

Sigurður Kristinsson

Erling Ásgeirsson

Anna G. Björnsdóttir